

Nd.

727. Nefndarálit

[199. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku til vegaf framkvæmda.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta er um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán til vegagerða, alls að fjárhæð 135.5 millj. kr. Stærsta upphæðin, 115 millj., er vegna Reykjanesbrautar. Er ætlað, að þessa upphæð þurfi til að fullgera veginn.

Samkvæmt upplýsingum vegamála skrifstofunnar voru föst umsamin lán til Reykjanesbrautar 130.9 millj. kr. í árslok 1964. Alþingi hefur áður veitt lántökuheimildir vegna vegarins sem hér segir:

Í 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1963	70 millj.
Í 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1964 300 þús. dollara	ca. 12.9 —

Alls kr. 82.9 millj.

Þannig var um síðustu áramót búið að taka 48 millj. kr. lán til vegarins umfram lagaheimildir. Samgöngumálaráðuneytið upplýsir, að Íslenzkir aðalverktakar hafi lánað þetta fé.

Við umræður um heimild stjórnarinnar til að taka innlent lán, sem samþykkt var á þingi í byrjun þessa mánaðar, kom fram, að ríkisstjórnin hefði í hyggju að verja 27 millj. kr. af því láni til vegagerða. Verði þessi upphæð notuð til lántöku vegna Reykjanesbrautar, vantar þó enn heimild fyrir um 21 millj. kr. láni vegna vegarins. Teljum við rétt, að þessari upphæð verði bætt inn í frv., til leiðréttingar á því.

Þá bendum við á, að 4. tölul. 1. gr. frv., um lántöku til Ólafsvíkurvegar um Enni, 3 millj. kr., má falla niður. Vegagerðinni er lokið, og upplýst er, að umrætt lán var tekið af því innlenda láni, er ríkið tók seint á árinu 1964, samkv. heimild frá Alþingi.

Enn viljum við benda á, að stjórnina vantar heimild til fyrirhugaðrar erlendar lántöku til vegagerða á Vestfjörðum, og er ekki farið fram á þá heimild í frv., sem hér liggur fyrir.

Mál þetta hefur þegar hlotið afgreiðslu í hv. Ed. Þar flutti 1. þm. Vestfirðinga, Hermann Jónasson, breytingartillögu um, að inn í frv. yrði tekin heimild til lántöku, að fjárhæð 2 millj. kr., til Strandavegar, í því skyni að rjúfa á þessu ári einangrun fólksins í Árneshreppi. Eins og alkunnugt er, hefur hafisinn lokað skipaleiðum til byggðarlagsins 2—3 síðustu mánuðina. Slíkt getur komið fyrir oft, og er íbúum hreppsins lífsnauðsyn að komast í samband við þjóðvegakerfið. En þótt undarlegt megi virðast, var þessi tillaga felld í efri deild. Sigurvin Einarsson, 3. þm. Vestf., hefur nú horið tillöguna fram hér í þingdeildinni. Á fundi fjárhagsnefndar í dag var hún tekin til umræðu. Meiri hl. n., fulltrúar stjórnarflokkanna, lýsti andstöðu við brtt. Hins vegar leggjum við til, að hún verði samþykkt. Við teljum ósæmilegt með öllu af þinginu að fella að taka þessa litlu fjárhæð að láni, til þess að koma á vegarsambandi við Árneshrepp, á sama tíma sem Alþingi veitir heimild til að taka 115 millj. kr. að láni til þess að ljúka lagningu steinsteypts vegar milli Reykjavíkur og Keflavíkur.

Bréf sýslumannsins á Hólmavík, þar sem birt er ályktun sýslunefndar Strandasýslu um vegamálin, er birt hér með sem fylgiskjal.

Við vísum til þess, er að framan segir, um leiðréttingar á frv., en mælum með því, að það verði samþykkt. Og við leggjum áherzlu á, að breytingartillaga Sigurvins Einarssonar á þingskjali 699 verði samþykkt.

Alþingi, 10. maí 1965.

Skúli Guðmundsson,
frsm.

Einar Ágústsson.

Lúðvík Jósefsson.

Fylgiskjal.

SÝSLUMAÐURINN Í STRANDASÝSLU

Hólmavík, 29. apríl 1965.

Á aðalfundi sýslunefndar Strandasýslu þ. á. var samþykkt eftirfarandi:

Eftir að hafa kynnt sér hina nýju fjögurra ára áætlun um framlög til þjóðvega í Strandasýslu samþykkir sýslunefndin að senda vegamálastjórninni og þingmönnum Vestfjarðakjördæmis eftirfarandi:

Sýslunefndin lýsir yfir algærrri vanþóknun sinni á ákvörðun vegamálastjórnarinnar og Alþingis, um framlög til þjóðvega í Strandasýslu næstu fjögur árin, eins og þau eru ákveðin í hinni fjögurra ára áætlun, og telur, að réttur Strandasýslu sé svo hrapallega fyrir borð borinn, miðað við vegaparfir sýslunnar, miðað við önnur héruð, að ekki verði látið ómótmælt.

Þess vegna skorar fundurinn á vegamálastjórnina og þingmenn Vestfjarðakjördæmis að taka til rækilegrar endurskoðunar framlag ríkisins til þjóðvega í Strandasýslu hin næstu fjögur ár og hafa þá til fullkominnar hliðsjónar eftirgreind atriði:

1. Það ástand, sem nú hefur skapað vegna hafissins á Húnaflóa og fyrir Norðurlandi, ætti að minna á einangrun fólksins í Arneshreppi, meðan ekki kemst þar á vegasamband. Það er því augljóst, að ekki hefði verið minni þörf að útvega lánsfé til að geta lokið þeim kafla, sem eftir er, en annars staðar á Vestfjörðum, en af því lánsfé er Strandasýsla algerlega afskipt.

Er því krafa Strandamanna sú, að á einhvern hátt verði séð fyrir því, að þarna komist á vegasamband þegar á þessu sumri.

Skorar fundurinn á þingmenn Vestfjarðakjördæmis að láta sýslunefnd Strandasýslu vita, áður en yfirstandandi Alþingi er lokið, hvort þessum málum verður sinnt eða ekki.

2. Strandavegur:

Hér er um svo smánarlega upphæð að ræða á vegáætlun, að nærri heggur algærru útstrikun.

Lágmarkskrafa er því, að þjóðbrautin til Hólmavíkur verði fullgerð á næstu fjórum árum.

Til hr. alþingismanns Sigurvins Einarssonar.

Björgvin Bjarnason.